



Reykjavík 02.11.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

**Akstur með ferðamenn í miðborginni**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2017 varðandi mat á reynslu og tillögur um næstu skref vegna aksturs með ferðamenn um miðborgina.

*Samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Umhverfis- og skipulagsráðs bókar:*

*"Umhverfis og skipulagsráð telur að reynslan af takmörkunum á akstri með ferðamenn í miðborginni, sem tóku gildi 15. júlí, sé góð. Ráðið er einnig samþykkt því vinna að næstu skrefum sem lýst er í bréfi samgöngustjóra. Ráðið er ekki sátt við að tilmæli um einstefnumferð hópbifreiða á Njarðargötu skuli ekki vera virt. Ljóst er að það veldur íbúum við götuna verulegu ónæði. Við teljum enn fremur að langar biðraðir af rútum á safnstæðinu við Traðarkot á Hverfisgötu, sem í sumum tilvikum hefta för strætó, ekki ásættanlegar."*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2017.



Reykjavík, 1. nóvember 2017

USK2016090022

Umhverfis- og skipulagsráð

**Efni:**

**Akstur með ferðamenn í miðborginni – mat á reynslu og tillögur um næstu skref**

Í samræmi við samþykktir umhverfis- og skipulagsráðs og borgarráðs í maí, tók breytt fyrirkomulag um akstur með ferðamenn í miðborginni gildi þann 15. júlí 2017. Við afgreiðslu málsins í ráðum borgarinnar var tekið fram að leggja þyrfti mat á reynslu af nýju fyrirkomulagi að sumri loknu. Greiningu á nýtingu safnstæða (talning) og mati á því hvar hægt er að koma fyrir biðskýlum við safnstæði lauk nú í október. Þá hafa innkomnar athugasemdir og kvartanir verið teknar saman.

Þann 11. október var samráðsfundur með fulltrúum ferðaþjónustunnar, Íbúasamtökum miðborgar og hverfisráði miðborgar, sama hópi og haft var samráð við síðastliðinn vetur um breytt fyrirkomulag á akstri með ferðamenn í miðborginni. Á fundinum var farið yfir reynslu fundarmanna af fyrirkomulaginu, innkomnar athugasemdir, athugun á notkun safnstæða og möguleika á biðskýlum. Í kjölfar yfirferðar gagna og þessa samráðsfundar er lagt til að kannaðir verði lausnir við að mynda skjól á völdum safnstæðum, þ.e. þar sem rými er fyrir hendi. Þá er einnig lagt til að kannaður verði möguleiki á því að koma fyrir safnstæði á Rauðarárstíg, við Laugaveg 120. Jafnframt verði ítrekað við ferðaþjónustuaðila að virða tilmæli um akstursstefnur með áherslu á Njarðargötu. Að öðru leyti verði fyrirkomulag aksturs með ferðamenn í miðborginni óbreytt en áfram verði fylgst með þróun mála.

Þorsteinn R. Hermannsson

samgöngustjóri



Umhverfis- og skipulagsráð

**Efni:**

**Akstur með ferðamenn í miðborginni – mat á reynslu og tillögur um næstu skref**

Í samræmi við samþykktir umhverfis- og skipulagsráðs og borgarráðs í maí, tók breytt fyrirkomulag um akstur með ferðamenn í miðborginni gildi þann 15. júlí 2017. Við afgreiðslu málsins í ráðum borgarinnar var tekið fram að leggja þyrfti mat á reynslu af nýju fyrirkomulagi að sumri loknu. Greiningu á nýtingu safnstæða (talning) og mati á því hvar hægt er að koma fyrir biðskýlum við safnstæði lauk nú í október. Þá hafa innkomnar athugasemdir og kvartanir verið teknar saman.

Þann 11. október var samráðsfundur með fulltrúum ferðaþjónustunnar, íbúasamtökum miðborgar og hverfisráði miðborgar, sama hópi og haft var samráð við síðastliðinn vetur um breytt fyrirkomulag á akstri með ferðamenn í miðborginni. Á fundinum var farið yfir reynslu fundarmanna af fyrirkomulaginu, innkomnar athugasemdir, athugun á notkun safnstæða og möguleika á biðskýlum. Í kjölfar yfirferðar gagna og þessa samráðsfundar er lagt til að kannaðir verði lausnir við að mynda skjól á völdum safnstæðum, þ.e. þar sem rými er fyrir hendi. Þá er einnig lagt til að kannaður verði möguleiki á því að koma fyrir safnstæði á Rauðarárstíg, við Laugaveg 120. Jafnframt verði ítrekað við ferðaþjónustuaðila að virða tilmæli um akstursstefnur með áherslu á Njarðargötu. Að öðru leyti verði fyrirkomulag aksturs með ferðamenn í miðborginni óbreytt en áfram verði fylgst með þróun mála.

Þorsteinn R. Hermannsson

samgöngustjóri